

Streymi heildverslun ehf
Goðanesi 4
603 Akureyri

Selfossi, 20. ágúst 2025
UOS2502322/K.S.G.

Söluskrár 2024 fyrir notendaleyfisskyldar vörur og tilnefning ábyrgðaraðila - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 3. mars 2025 þar sem Umhverfis- og orkustofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2024 og upplýsingum um ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins og þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Af kaupendum ofangreindra vara á árinu 2024 reyndust allir vera handhafar gilds notendaleyfis.

Listi yfir einstaklinga, sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni, má nálgast [hér](#).

Fyrirtækið hefur tilgreint ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara og hlotið vottun Umhverfis- og orkustofnunar á tilnefningunni.

Listi yfir söluaðila notendaleyfisskyldra vara, sem tilnefnt hafa ábyrgðaraðila í markaðssetningu hverju sinni, má nálgast listann [hér](#).

Málinu telst nú lokið þar sem engar athugasemdir voru gerðar af hálfu Umhverfis- og orkustofnunar í eftirlitinu.

Til upplýsinga er athygli vakin á því að frá og með næsta ári (2026) mun Umhverfis- og orkustofnun leggja stjórnvaldssektir á lögaðila sem afhenda notendaleyfisskyldar vörur til viðskiptavina sem ekki eru með notendaleyfi í gildi fyrir plöntuverndarvörum eða útrýmingarefnum eftir því sem við á, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 62. gr. efnalaga nr. 61/2013. Fyrirtækinu verða sendar nánari upplýsingar um fyrirkomulag við beitingu stjórnvaldssekta síðar.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Silja Guðlaugsdóttir, sérfræðingur Umhverfis- og orkustofnunar, í síma 569-6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir,

Teymi efnamála

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

Ísak Sigurjón Bragason

Teymi efnamála